

ÁKLASINN



Ársreikningur 2023

Ákklasin 521015-0120

alklasinn@taeknisetur.is

www.alklasinn.is

+354 867 1898

Keldnaholt 8, 112 Reykjavík,

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdarstjóra _____	1
Almennt _____	1
Stjórn Ákklasans _____	1
Fjárhagsleg staða _____	2
Það helsta á starfsári 2023 _____	2
Framundan _____	3
Rekstrarreikningur _____	4
Efnahagsreikningur _____	5
Sjóðstreymi _____	6
Áritun óháðs skoðunarmanns _____	7

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDARSTJÓRA

Almennt

Árið 2023 var níunda starfsár Álklasans. Aðalfundur fyrir starfsár 2022 var haldinn 14. júní og var á þeim fundi samþykkt að hækka klasagjöld um sem nemur vísitöluhækkun, eða 6% og halda siðareglum óbreyttum. Á starfsári 2023 voru 33 fyrirtæki, stofnanir og álsprotar í Álklasanum. Á meðal klasameðlima eru verkfræðistofur, vélsmiðjur, tæknifyrirtæki, málmsteypur, skipafélög, verktakafyrirtæki, fjármálastofnanir, rannsókn- og menntastofnanir, kísilver og álver. Þá er klasinn með svokallaða álsprota aðild fyrir sprotafyrirtæki í greininni. Samþykktir og siðareglur Álklasans auk fyrri ársreikninga má nálgast á vefsíðu klasans, www.alklasinn.is.

Stjórn Álklasans

Stjórn Álklasans var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Formaður: Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir, Háskólanum í Reykjavík

Varaformaður: Pétur Blöndal, Samál

Aðrir stjórnarmenn:

María Kristmundsdóttir (Alcoa Fjarðarál), Skúli Björn Jónsson (Efla verkfræðistofa), Brynja Silness (KratuS/Alur), Gunnar Sverrir Gunnarsson (Mannvit), Finnur Marinó Flosason (Norðurál), Arthur Guðmundsson (Rio Tinto Alcan), Lárus Ólafsson (Samtök iðnaðarins)

Framkvæmdarstjóri Álklasans er Dagur Ingi Ólafsson

Fjárhagsleg staða

Fjárhagsleg staða Álklasans hefur verið nokkuð stöðug frá stofnun klasans árið 2015.

Hefðbundin klasagjöld standa undir fastakostnaði en klasinn reiðir sig á styrki og stuðning frá samstarfsaðilum til þess að styðja við viðburði og sértæk verkefni.

Rekstrarafkoma ársins var í ár jákvæð, en afkoman lækkar lítillega milli ára. Velta klasans jókst töluvert en það skýrist af auknum klasagjöldum, hækkandi sérfræðipjónustu

Tækniseturs og haustferð klasans. Veltufjármunir bundnir í viðskiptakröfum hækka töluvert milli ára, sem að hluta til eru vegna greiðslna sem ekki bárust tímanlega og ógreiddra klasagjalda. Vegna fækkunar á klasameðlimum lækka tekjur af árgjöldum klasans þrátt fyrir hækkun klasagjalda.

Það helsta á starfsári 2023

Verkefni klasans á árinu 2023 voru fjölbreyttari en árið áður, enda takmörkunum vegna heimsfaraldurs Covid-19 að fullu lokið. Fyrsti viðburður á vegum klasans var hið árlega Nýsköpunarmót sem haldið var þriðjudaginn 28. mars í Háskólanum í Reykjavík. Fimm nemendur fengu hvatningarviðurkenningar fyrir fjögur verkefni. Tvö þeirra voru frá Háskólanum í Reykjavík og tvö frá Háskóla Íslands. Forsetar verkfræðideilda HR og HÍ settu mótið en fyrsti flytjandi erindis var Dr. Roman Düssel frá þýska álfyrirtækinu Trimet. Í maí bauð klasinn meðlimum sínum uppá skoðunarferð til Norðuráls, en tæplega fjörutíu gestir komu saman og fengu mjög góðar móttökur á Grundartanga. Í framhaldi af ársfundi sem haldinn var 14. júní var lítil ráðstefna, Sumarfundur Álklasans, haldin. Þar komu saman ýmsir rannsakendur á sviði áls og kísils og sögðu frá rannsóknum sínum, þar af tveir sérfræðingar frá Kanada. Um haustið var hin árlega haustferð endurvakin, en í þetta skipti ferðuðust klasameðlimir austur til Reyðarfjarðar þar sem Alcoa Fjarðaál og Launafi voru heimsótt. Hefðbundinn jólafundur fór svo fram í Sal Tækniseturs þann 13. desember, þar sem á dagskrá voru örkyrningar, smákökur, netagerð og heimagert kakó.

Framundan

Áfram heldur gróskan hjá hinum ýmsu sprotum innan klasans. Mikil þróun og framvinda er að eiga sér stað hjá frumkvöðlafyrirtækjum eins og DTE, Álvit, Gerosion, Arctus Aluminium og Alor. DTE hefur nýlega fært sig um set og „útskrifast“ af Tæknisetri með flutningum í eigið húsnæði á Lambhaga. Álvit sækir fram með stórum markmiðum í þróun kragasalla og arftaka koltjörubíks. Háskóli Íslands heldur áfram að standa í rannsóknum á Álraflöðum í samstarfi við Alor ásamt því að ljúka rannsóknarverkefni, AliceWHy, á sviði bættrar endurvinnslu á áli í heiminum. Arctus Aluminium, Tæknisetur og Háskólinn í Reykjavík halda áfram sínum rannsóknum á sviði eðalskauta fyrir Álframleiðslu, en HR er einnig með ýmsar kísiltengdar rannsóknir í gangi.

Innviðaupbygging á sviði efnisfræði og efnisverkfræði heldur áfram á Tæknisetri, HÍ og HR til stuðnings við nýsköpun, þróun og rannsóknir á ýmsum sviðum. Kaup á nýrri rafeindasmásjá, jónaspætunartæki, bræðsluofn til melmisframleiðslu, ofni til hreinsunar álflúoríðs, ýmis búnaður á sviði bráðins salts, LECO frumefnagreini og fleiri tækjum er nú í ferli. Álverin halda áfram að mæta auknum kröfum nútímans á sviði losunar og umhverfis. Alur eykur við endurvinnslu sína og hjá Elkem er unnið að betrumbætingu kísiljárnsofna.

Reykjavík

Framkvæmdarstjóri:

Stjórn:

REKSTRARREIKNINGUR

Tekjur:	Skýr.	2023	2022
Árgjald Álklasans		7.539.000	7.586.500
Árgjald Álklasans v/stjórnarseta		882.000	980.000
Styrkir frá stofnunum og fyrirtækjum		2.368.500	750.000
Vaxtatekjur		41.579	25.908
	Tekjur alls	10.831.079	9.342.408
Rekstrargjöld:			
Fundir og mannfagnaðir		52.365	70.510
Ferðakostnaður		1.397.886	0
Sími og Internet		145.805	143.953
Sérfræðiþjónusta Tæknisetur ehf		8.228.338	7.973.028
Bókhald og skoðunarmenn		0	16.000
Annar kostnaður		50.200	18.732
Hvatningarverðlaun		639.560	631.110
	Rekstrargjöld alls	10.514.154	8.853.333
Niðurfærsla viðskiptakrafna			
Rekstrarafkoma ársins		316.925	489.075

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir:	Skýr.	2023	2022
Veltufjármunir:			
Viðskiptakröfur		1.932.000	118.000
Handbært fé		5.075.846	6.433.548
	Veltufjármunir	<u>7.007.846</u>	<u>6.551.548</u>
	Eignir samtals	<u>7.007.846</u>	<u>6.551.548</u>
Skuldir og eigið fé:			
Eigið fé		4.875.291	4.558.366
	Eigið fé	<u>4.875.291</u>	<u>4.558.366</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur kostnaður	3	2.132.555	1.993.182
		<u>2.132.555</u>	<u>1.993.182</u>
	Eigið fé og skuldir samtals:	<u>7.007.846</u>	<u>6.551.548</u>

SJÓÐSTREYMI

Veltufé frá rekstri	Skýr.	2023	2022
Rekstrarafkoma ársins		316.925	489.075
<i>Veltufé (hagnaður) frá rekstri</i>		<u>316.925</u>	<u>489.075</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum/skuldum			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		-1.814.000	-118.000
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		<u>139.373</u>	<u>1.993.182</u>
<i>Breytingar á rekstart eignum og skuldum</i>		<u>-1.674.627</u>	<u>1.875.182</u>
<i>Handbært fé frá rekstri</i>		-1.357.702	2.364.257
Breyting á handbæru fé		-1.357.702	2.364.257
Handbært fé í ársbyrjun		6.433.548	4.069.291
Handbært fé í árslok		5.075.846	6.433.548

ÁRITUN ÓHÁÐS SKOÐUNARMANNS

Ég undirrituð, skoðunarmaður Álklasans félagasamtaka kt. 521015-0120, hef farið yfir reikninga félagsins fyrir árið 2023.

Ég hef fullvissað mig um að bankareikningur stemmir og skoðað fylgigögn sem bókhaldinu.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og afkomu félagsins 31.12.2023

Rannveig Lena Gísladóttir

Rannveig Lena Gísladóttir

Viðskiptafræðingur og viðurkenndur bókarí

Kt. 160575-3609